

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnavatnshreppi.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnavatnshreppi skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 5. gr. samþykktar um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Húnavatnshreppi.

2. gr.

Gjald fyrir hreinsun rotþróa fyrir árið 2012 skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2000 lítra	kr. 8.100 pr. þró
Rotþró 2001-4000 lítra	kr. 9.500 pr. þró
Rotþró 4001-6000 lítra	kr. 11.100 pr. þró
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr. 2.200 pr./m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé innan við 50 metrar.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða aukalega kr. 5.300 á hverja losun.

Ofangreind gjöld miðast við byggingarvísitölu, sem var 111,4 stig í nóvember 2011 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir byggingarvísitölu í janúar hvert ár, í fyrsta sinn í janúar 2013.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjalddagi og innheimta rotþróargjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld skv. gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Húnavatnshreppi, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og var samþykkt í hreppsnefnd Húnavatnshrepps 16. nóvember 2011, til að taka gildi við birtingu. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1186/2006.

Húnavatnshreppi, 20. desember 2011.

Jens P. Jensen sveitarstjóri.

—
B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2012